

Fundargerð

147. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 9. nóvember 2010 kl. 12⁰⁰ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) (fjarverandi)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Söfnun úrgangsolúu
- (3) Innlend innheimta
- (4) Lagabreytingar
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (146. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Söfnun úrgangsolúu

ÓK fór yfir stöðu mála. Samkeppniseftirlitið hefur gert athugasemd við núverandi samning við olúfélögin – óskað eftir opnum skilmálum eða útboði. Samkeppniseftirlitið lagði til að umhverfisráðuneyti sækti um undanþágu. Unnið er að undirbúningi þess í ráðuneytinu. Úrvinnslusjóður sagði upp samningi við olúfélögin frá og með 1. nóvember sl. Nýr samningur þarf að taka við 1. febrúar á næsta ári.

Farið var yfir ósk umhverfisráðuneytis um umsögn sjóðsins um ósk Olúdreifningar um ógildingu á ákvörðun Umhverfisstofnunar varðandi hreinsun á smurólúúrgangi.

ÓK og GGP munu ganga frá svari innan tilskilins frests.

3. Innlend innheimta

ÓK upplýsti að leitað hefur verið formlega eftir við Ríkisskattstjóra að skoða innlenda innheimtu úrvinnslugjalds á umbúðir.

4. Greiðslur til þjónustuaðila

Lögð var fram tillaga um hækkunar á greiðslum fyrir meðhöndlun og ráðstöfun spilliefna sem gildi frá og með 1. júlí sl. sem komi til móts við hækkunar skv. launa- og byggingarvísitölu

annars vegar og hækkana á gjaldskrá Kólku hins vegar eða um 7,5%. Jafnframt var lagt til að greiðsla vegna meðhöndlunar og ráðstöfunar á úrgangi olíumálningar verði ekki hækkuð.

Samþykkt

5. Lagabreytinga

Farið var yfir stöðu á frumvarpi vegna hækkana á úrvinnslugjaldi og breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs.

6. Önnur mál

ÓK skýrði frá niðurstöðu í samvinnuverkefni UST og ÚS við mat á magni umbúða sem settar eru á markað.

Fundi slitið 14:00

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs